

17. fundur hreppsnefndar Langanesbyggðar haldinn föstudaginn 25. janúar kl. 12:10 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

Mætt voru: Björn Ingimarsson, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð, Þórir Jónsson, 1. varaoddviti, Jóhanna Helgadóttir, Hulda Sigurðardóttir, Aðalbjörn Arnarsson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Nanna Höskuldsdóttir og Marínó Jónsson.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna

Dagskrá:

1. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefnd 20.12.07. (Lögð fram)
- Hreppsnefnd 19.01.08. (Lögð fram)
- Fjallskilanefnd eystri 28.08.07(samþykkt samhljóða)
- Fjallskilanefndir eystri og vestari 02.09.07 (samþykkt samhljóða)
- Fjallskilanefnd eystri 03.09.07 (samþykkt samhljóða)
- Atvinnumálanefnd 08.01.08 (samþykkt samhljóða)
- Íþrótta- og tómsfundanefnd 09.01.08.
Sveitarstjóra falið að koma bókun nefndarinnar varðandi framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum á framfæri við fjölskylduþjónustu Þingeyinga. Fundargerðin samþykkt samhljóða
- Landbúnaðarnefnd 14.01.08 (samþykkt samhljóða)

2. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra, 107. fundur 09.01.08 (Lögð fram)
- Samráðsfundur fámennra sveitarfélaga 17.12.07 (Lögð fram)
- Búnaðarfélag Langnesinga 27.11.07 (Lögð fram)
- Eyþing 17.01.08 (Lögð fram)
- Samráðsfundur sameinaðra sveitarfélaga 21.11.07 (Lögð fram)

3. Skýrsla sveitarstjóra.

4. Innsend erindi

Til kynningar:

- Félagsmálaráðuneytið – Úthlutun til Langanesbyggðar vegna tímabundins samdráttar í aflamarki þorsks.
Samkvæmt bréfi frá félagsmálaráðuneytinu, dags. 28.12.07, er Langanesbyggð úthlutað kr. 5.314.057,- á grundvelli fjárlagaliðs ráðuneytisins í fjáráukalögum 2007 sem ætlaður er til að koma til móts við þau sveitarfélög sem verða fyrir tekjumissi vegna tímabundins samdráttar í aflamarki þorsks.
- Héraðsskjalasafn Þingeyinga – 50 ára afmæli 7. janúar 2008 (Lagt fram til kynningar).
- Marínó Jóhannsson – Búnaðarfélagfundur 27.11.07.
Lögð fram greinargerð frá Marínó Jóhannssyni þar sem gerð er grein fyrir tilurð fundar Búnaðarfélags Langnesinga er haldinn var á Eyrinni 27.11.07 og þeim athugasemdum er Marínó hafði við umræddan fund.
- Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum – Ávinningur og aðgerðir stjórnvalda til að lækka kostnað við hitun íbúðarhúsnæðis.
Niðurstöður vinnuhóps iðnaðarráðherra frá því í júní 2007 lagðar fram til kynningar. Hreppsnefnd Langanesbyggðar fagnar þeirri vinnu sem unnin hefur verið af starfshóp iðnaðarráðherra vorið 2007. Sérstaklega er tekið undir það álit nefndarinnar að jarðhitalet verði gefin veglegri sess og að auknu fé verði veitt til þessa mikilvæga málaflokks.

- Samband íslenskra sveitarfélaga – Þjónustu- og viðhorfskönnun. (Lagt fram til kynningar)
- Menntamálaráðuneytið – Ungt fólk 2007 – Niðurstöður rannsóknar á meðal nemenda í 5., 6. og 7. bekk árið 2007
Málinu vísað til íþróttá- og tómstundanevndar auk fræðslu- og menningarnevndar til kynningar.
- Skipulagsstofnun – Námur, framkvæmdaleyfi og mat á umhverfisáhrifum.
Málinu vísað til umhverfis-, skipulags- og bygginganevnd til kynningar.

Til afgreiðslu:

- Eyþing – Gagnabanki vegna nefnda á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga
Samþykkt að senda inn upplýsingar um alla fulltrúa í hreppsnefnd Langanesbyggðar auk sveitarstjóra. Sveitarstjóra falin afgreiðsla málsins auk þess að tilgreina áherslusvið í samráði við einstaka hreppsnefndarmenn.
- Hestamannafélagið Snæfaxi – Skipulagsmál hesthúshverfis og bygging reiðskemmu.
Málinu vísað til umhverfis-, skipulags- og bygginganevndar til vinnslu.
- Marinó Jóhannsson – Minkur étur hagvöxt.
Erindinu vísað til landbúnaðarnefndar til umsagnar og jafnframt er sveitarstjóra falið að ítreka fyrri athugasemdir sveitarstjórna innan Langanesbyggðar varðandi aðkomu stjórnvalda að kostnaði við minka- og refaeyðingu.
- Gunnlaugur Ólafsson – Styrkbeiðni vegna útgáfu geisladisks.
Samþykkt að styrkja útgáfu Gunnlaugs Ólafssonar á geisladiski sem inniheldur lög og ljóð hans með því að sveitarfélagið kaupi 50 eintök af umræddum disk.
- Félagsmálaráðuneytið – Ósk um umsögn vegna stefnumarkandi áætlunar um barnavernd.
Erindinu vísað til barnaverndarnefndar Þingeyinga til afgreiðslu.
- Félagsmálaráðuneytið – Ráðstefna um stefnumarkandi áætlun í barnavernd 04.02.08.
- *Erindinu vísað til barnaverndarnefndar Þingeyinga til afgreiðslu.*
- Geir ehf. – Málefni vegna úthlutunar byggðakvóta í Langanesbyggð.
Sigurður Ragnar Kristinsson, Marinó Jóhannsson og Hulda Sigurðardóttir vöktu athygli á mögulegu vanhæfi varðandi afgreiðslu næstu tveggja erinda. Kosið var um vanhæfi viðkomandi og voru Sigurður Ragnar og Marinó úrskurðaðir vanhæfir og viku þeir af fundi en Hulda Sigurðardóttir var úrskurðuð hæf. Í stað Sigurðar og Marinós tóku sæti þau Hilma Steinarsdóttir og Ágúst Marinó Ágústsson.
Lagt fram bréf frá Jónasi Jóhannssyni f.h. Geirs ehf. þar sem lýst er yfir óánægju með úthlutun byggðakvóta og aðkomu hreppsnefndar að því máli.

Eftirfarandi tillaga að bókun var lögð fram:

Er hafin var undirbúningur að vinnu við úthlutunarreglur á vegum Langanesbyggðar sl. vor búrúst þau skilaboð úr sjávarútvegsráðuneytinu að sú vinna yrði alfarið í höndum ráðuneytisins og ætti því sveitarfélagið ekki að leggja í slíka vinnu. Að þessum upplýsingum fengnum var ekki farið út í það ferli sem annars hefði hugsanlega verið gert, s.s. að boða til samráðsfundar með útgerðarmönnum. Síðar er reglur ráðuneytisins voru kynntar voru gerðar við þær athugasemdir með þeim markmiðum m.a. er getið er hér síðar. Þessar athugasemdir voru öllum aðgengilegar bæði í fundargerðum sveitarfélagsins og á upplýsingavef Fiskistofu og var það mat manna að slík upplýsingagjöf væri nægjanleg til að fá fram nauðsynlegar athugasemdir frá hagsmunaaðilum.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar þykir miður að reglur vegna úthlutunar byggðakvóta í Langanesbyggð, vegna fiskveiðiársins 2006 – 2007, hafi leitt til þess að aðilar sem hafa unnið ötullega að eflingu svæðisins með starfsemi sinni hafi ekki hlotið úthlutun að þessu sinni. Þær breytingartillögur sem einhugur varð um hjá hreppsnefnd Langanesbyggðar að gera varðandi umræddar úthlutunarreglur voru til þess ætlaðar að auka jöfnuð og tryggja að þeir einir fengu úthlutað er til þess hefðu unnið. Reglubreytingum var að sjálfsögðu ekki stefnt gegn úthlutun til Geirs ÞH heldur var lögð á það sérstök áhersla, í samskiptum við þá embættismenn er að málinu komu af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins, að tillit yrði tekið til þeirra kvaða er þinglýstar voru á bátunum. Einnig er vakin athygli á því að vilji og hugur sveitarstjórnarmanna á svæðinu til

útgæðarinnar hefur verið sýndur í verki á undanförunum árum við úthlutun byggðakvóta á svæðinu.

Það er von hreppsnefndar Langanesbyggðar og vilji að samstarf sveitarfélagsins og útgæðarinnar verði áfram með þeim ágætum sem það hefur verið um árabíl þrátt fyrir að svo óhönduglega hafi til tekist við úthlutun byggðakótans á svæðinu að þessu sinni.

Samþykkt samhljóða.

- Óli Þorsteinsson og Sæmundur Einarsson – Ósk um breytingu á úthlutunarreglum byggðakvóta í Langanesbyggð.

Lagt fram erindi frá útgæðaraðilum Litlanness ehf. og Manna ehf. þar sem óskað er eftir því við hreppsnefnd að hún taki til endurskoðunar úthlutunarreglur byggðakvóta á Þórshöfn þannig að úthlutað verði jafnt á milli báta. Eftir nokkra umræðu var samþykkt að vísa erindinu til frekari vinnslu í byggðaráði.

Að afloknum þessum lið viku Ágúst Marinó og Hilma af fundi en Marinó og Sigurður Ragnar mættu á fundinn aftur.

- Fontur – Félag smábátæigenda – Tillaga um viðbrögð við ályktun mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar lýsir yfir ánægju sinni með viðleitni félags smábátæigenda á svæðinu til að efla atvinnulíf þess á umliðnum árum.

Hreppsnefnd lýsir yfir stuðningi við þær hugmyndir er leitt geta til aukinnar nýliðunar í greininn en treystir sér þó ekki til að taka afstöðu til þess hvort að framkomin tillaga sé rétta leiðin til að ná því markmiði.

- Bakhjarl, faghópur um geðheilbrigði í Þingeyjarsýslum – Styrkumsókn.
Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir að gefa hvorum grunnskóla um sig kost á því að senda einn fulltrúa á fyrirhugað námskeið á vegum ADHD samtakanna fyrir kennara og annað starfsfólk.
- Landsmót línudansara – Styrkumsókn.
Styrkumsókn hafnað með vísan til gildandi reglna sveitarfélagsins varðandi styrkveitingar.
- Leikhús frú Normu – Styrkumsókn vegna barna- og unglíngastarfs sumarið 2008.
Styrkumsókn hafnað með vísan til gildandi reglna sveitarfélagsins varðandi styrkveitingar.
- Leikhús frú Normu – Styrkumsókn vegna lista- og menningarstarfs sumarið 2008.
Styrkumsókn hafnað með vísan til gildandi reglna sveitarfélagsins varðandi styrkveitingar.
- Alþingi – Frumvörp til laga um grunnskóla og leikskóla.
Sveitarstjóri gerði grein fyrir umræðu um frumvörpin á nýafstöðnu skólalþingi og innan stjórnar Eyþings auk þess sem hann kynnti drög að umsögnum frá sambandi íslenskra sveitarfélaga. Samþykkt að lýsa yfir stuðningi við frumvarpsdrögin með þeim fyrirvara þó að þau verði einfölduð eins og frekast er unnt. Auk þess verði þess vænst að ríkisvaldið bæti sveitarfélögum að fullu þann kostnaðarauka sem frumvörpin leiða hugsanlega til.
Fram kom að frumvörpin eru þegar farin til kynningar innan fræðslu og menningarnefndar.
- Alþingi – Frumvörp til laga um framhaldsskóla og menntun og ráðningu kennara og skólalstjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
Vísad til bókunar að ofan.
- Eigendur Eiðis – Ósk um stuðning við kröfur eigenda um hreinsun H-2 svæðisins á Heiðarfjalli.
Samþykkt að fela sveitarstjóra að senda frá sveitarfélaginu erindi til umhverfisráðherra og sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi til stuðnings baráttu eigenda Eiðis varðandi hreinsun H-2 svæðisins á Heiðarfjalli. Erindið skal unnið í samráði við lögmann sveitarfélagsins.

- HSP – Styrkur til HSP.
Fram kom hjá sveitarstjóra að framlag vegna ársins 2006 hafi verið kr. 246.181,- til HSP og UNP sem hafi verið greitt um Héraðsnefnd. Miðað við óbreytta krónutölu á íbúa næmu greiðslur til sambandanna kr. 250.973,- vegna ársins 2007 en þá er miðað við höfðatöluna 419 úr þeim hluta Langanesbyggðar sem tilheyrir starfssvæði sambandanna (fyrrum Þórshafnarhreppur). Samþykkt að greiða styrk til HSP sem nemur umræddri fjárhæð enda er það í samræmi við tilmæli til sveitarfélaganna er greiðslum fyrir milligöngu Héraðsnefndar var hætt. Sveitarstjóra jafnframt falið að taka upp viðræður við HSP er miði að þriggja ára samningi varðandi greiðslur til sambandsins.
- Arnór Benónýsson – Ósk um ferðastyrk vegna þjálfunar á Þórshöfn (Samþykkt).
Lagt fram erindi frá íþróttabrautinni á Laugum varðandi hugmyndir um þjálfun barna og unglinga á Þórshöfn í vetur. Um yrði að ræða æfingar annan hvorn laugardag. Lögð fram tillaga um að styrkja framtakið með því að greiða kostnað vegna ferða þjálfara á milli Lauga og Þórshafnar en ungmennafélagið mun greiða þeim vegna þjálfunarinnar. Sveitarstjóra falið að ganga frá málinu við fulltrúa Laugaskóla. Samþykkt samhljóða.
- Arnór Benónýsson – Jöfn tækifæri, aksturssjóður HSP.
Lagt fram erindi frá HSP varðandi aksturssjóð sem ætlaður er til að jafna ferðakostnað barna og unglinga á sambandssvæði Héraðssambands Þingeyinga. Um er að ræða tveggja ára tilraunaverkefni og auk sveitarfélaganna á sambandssvæðinu munu Alcoa Foundation og ríkissjóður koma að verkefninu. Lögð fram tillaga um að Langanesbyggð taki þátt í verkefninu og greið sem nemi kr. 400 á íbúa hvort árið. Heildargreiðslur hvort ár gætu því numið um kr. 200.000,-. Samþykkt samhljóða.
- Framhaldsskólinn á Laugum – Samstarf um stofnun framhaldsskóladeildar á Þórshöfn. Lagt fram erindi frá Framhaldsskólanum á Laugum þar sem lýst er yfir áhuga á því að koma með virkum hætti að hugmynd varðandi framhaldsskóladeild á Þórshöfn. Sveitarstjóra falið, ásamt þeim er unnið hafa að verkefninu á Þórshöfn, að funda með fulltrúum Laugaskóla og afla þannig frekari upplýsinga um málið.
- Landsskrifstofa Staðardagskrár 21 á Íslandi – Ólafsvíkuryfirlýsingin
Erindinu vísað til umhverfis-, skipulags- og bygginganefndar til afgreiðslu.
- Eyþing – Samráðsfundur með Launanefnd sveitarfélaga 04.02.08
Sveitarstjóra falið að sækja fundinn ásamt oddvita, formanni byggðaráðs og formanni fræðslu- og menningarnefndar.
- Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags. (vísað lokaðs fundar)
Um fjöllumun og afgreiðslu vísað til lokaðs fundar að afloknum fundi hreppsnefndar.

5. Reglugerð um gatnagerðargjöld í Langanesbyggð – Seinni umræða.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að framlögð reglugerð miðist í grunnin við leiðbeiningar er gefnar voru út af sambandi íslenskra sveitarfélaga sl. sumar. Einnig vakti sveitarstjóri athygli á þeirri breytingu er gerð var á 4. gr. frá fyrri umræðu en inn hefur verið sett ákvæði um 60% gjaldtöku vegna lóða og bygginga við þegar gerðar götur.

Sveitarstjóri gerði það að tillögu sinni að reglugerðin yrði samþykkt. Samþykkt samhljóða.

6. Drekasvæði – Viljayfirlýsing milli sveitarfélaganna Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps.

Sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi drög að viljayfirlýsingu ásamt greinargerð frá Hilmari Gunnlaugssyni hrl.:

„Viljayfirlýsing milli sveitarfélaganna

Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps.

Ofangreindir aðilar hafa orðið ásáttir um að standa sameiginlega með fleirum að stofnun einkahlutafélags vegna undirbúningsvinnu í tengslum við olútleit á s.k. Drekasvæði.

Ljóst er, verði þörf á hafnarstöðu, að byggja verður upp mun stærri höfn en nú er til staðar í þessum sveitarfélögum. Er þar um gríðarstórt verkefni að ræða.

Sveitarfélögin lýsa því hér með yfir að þau eru tilbúin til að standa í sameiningu að slíkri hafnargerð, þ.e. í sérstöku hafnarsamlagi. Skal það vera í jafnri eigu sveitarfélaganna. Hafnarsamlagið skal einungis ná yfir hina nýju höfn, nema annað verði síðar ákveðið.

Yfirlýsing þessi heldur gildi sínu í 10 ár frá undirritun. Engu skiptir hvar í sveitarfélögunum staður verður fundinn fyrir höfnina, né í hvoru þeirra. Aðilar eru sammála um, að nú sé líklegast að ný höfn yrði byggð í Gunnólfsvík, en leiði rannsóknir til annarrar betri niðurstöðu, heldur yfirlýsing þessi engu að síður gildi sínu.“

Samþykkt samhljóða og sveitarstjóra veitt umboð til undirritunar viljayfirlýsingarinnar fyrir hönd sveitarfélagsins.

7. Niðurstöður atvinnuáráðstefnu í Langanesbyggð.

Niðurstöðum vísað til nefnda sveitarfélagsins til umfjöllunar.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða og fundi slitið kl. 16.42.